



Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2013

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, mál nr. 323

Til mín hefur leitað íslenskur heimilisfaðir og óskað aðstoðar við að koma að athugasemdum við framangreint frumvarp.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld sé niður það skilyrði fyrir málshöfðunarheimild manna sem telja sig feður barna að barnið sé ófeðrað. Það þýðir að nái frumvarpið í gegn geta menn, sem telja sig feður barna, hvort sem börnin eru feðruð eða ekki, höfðað barnsfaðernismál.

Ein elsta regla barnaréttarins er hin svokallaða „pater est“ regla. Í henni felst að sé barn fætt í hjúskap eru löglíkur fyrir því að eiginmaður móður sé faðir barnsins. Reglan hefur í íslenski löggjöf verið útvíkkuð þannig að hún nær ekki einungis til eiginmanns móður heldur einnig til sambúðarmaka hennar. Þessi regla er ekki einungis bundin við íslenskan barnarétt, heldur er alþjóðleg regla. Henni er ætlað að einfalda feðrun barna auk þess sem henni er ætlað að styrkja stóðir fjölskyldunnar. Með því að breyta málshöfðunarreglum með þeim hætti sem hér er lagt til er opnað fyrir möguleika manna á að höfða barnsfaðernismál til feðrunar börnum sem hafa verið feðruð skv. reglunni.

Þótt rannsóknir í erfðavísindum hafi tekið stökkbreytingum á sl. áratugum og tiltölulega einfalt sé að finna út hvort börn séu rétt feðruð ber löggjafanum að líta til fleiri þátta í þessu sambandi. Hvaða hagsmuni á lagabreytingin að tryggja? Eru það ótvíræðir hagsmunir barns sem feðrað er samkvæmt pater est reglunni, að manni sem telur sig vera föður þess, sé veitt skilyrðislaus málshöfðunarheimild til að sýna fram á að hann sé raunverulegur faðir þess ?


Dæmi eru um að menn séu haldnir slíkum ranghugmyndum að þeir telji sig vera feður barna kvenna sem þeir hafa einhvern tímann þekkt. Slík þráhyggja getur síðan opnað leið þeirra til málshöfðunar verði frumvarp þetta að lögum.

Einnig kunna málaferli af þessu tagi að spundra fjölskyldum. Umbj. minn hefur þannig af því persónulegar áhyggjur að verði frumvarpið að lögum muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir hann og hans fjölskyldu. Í því tilviki er talið að eitt barna hans og konu hans sé getið af öðrum manni. Sá maður leggur ofuráherslu á að faðerni barnsins verði rannsakað svo leiða megir í ljós að hann sé hinn rétti faðir og eigi þar af leiðandi heimild til umgengi við barnið og hugsanlega rétt til forsjár. Gangi þetta eftir, og maðurinn reynist vera faðir barnsins, má ætla að slík niðurstaða hefði djúpstæð áhrif á samband allra í þessari fjölskyldu, fjölskyldan sundrist og barnið, en hagsmuni þess skal ávallt hafa að leiðarljósi, skaðist mest.

Augljóslega þurfa sterk rök að liggja að baki breytingu á barnalögum í þessa veru, rök sem ekki verður séð að komi fram í greinargerð með frumvarpinu, í umræðum á Alþingi eða fyrirbyggjandi gögnum, svo öruggt verði að ekki sé verið að fórnar meiri hagsmunum fyrir minni. Því má ekki gleyma að móðir barns svo og barnið sjálft hafa málshöfnunarheimild, hvort sem feðrun hefur átt sér stað með pater est reglu eða eftir öðrum leiðum. Þannig er tryggt samkvæmt barnalögum að telji móðir eða barn ástæðu til að leiðrétta feðrun barns á einhverju stigi er heimildin til staðar.

Að lokum er rétt að geta þess að vel hefur verið vandað til íslenskrar lagasetningar í fjölskyldurétti í áranna rás. Hafa íslensk stjórnvöld átt náið og gott samstarf við fræðimenn á þessu sviði og hefur á vettvangi Norðurlandanna mikil vinna verið unnin að samræmingu reglna. Það er því nauðsynlegt að allar breytingar á þeim lagaramma sem byggður hefur verið utan um réttindi barna séu grandskoðaðar áður en að þeim kemur. Einungis örfá mál koma upp af þessu tagi hér á landi, mál sem oft eiga rætur í allt öðru en því að verið sé að tryggja hagsmuni barns.

Virðingarfyllst,



Lára V. Júlíusdóttir hrl.